

Matsreglur um jarðir

Hér eru fram lögð fyrirmæli stjórnvalda um skattmötin 1861 og 1922. Fyrirmælin eru í báðum tilvikum þau að jarðamatsmenn voru skyldir til að meta hverja eign til söluverðs. Ef tvíbýlistorfa var í **jöfnum eignarhlut tveggja** og á öðru býlinu voru eflingshjón, en á hinu heilsuleysingjar, er viðbúið að öll aðkoma væri ólík. Annars vegar myndarbýli og hins vegar allt á fallanda fæti. Til að hlíta reglunum bar matsmönnum að meta hvora jörð til sanngjarns söluverðs. Niðurstaðan var mishátt söluverð, þrátt fyrir að óskipt sameign torfunnar væri til helminga.

Raunar er hvergi í fyrirmælunum vísað til eignarhlutfalla. Þau komu skattmatinu greinilega ekki við og sanngjarnt má kallast að eflingshjón greiði meir til samfélagsins heldur en nauðamaður. Við hlið þeirrar mennsku má, hins vegar, ekki þrífast sá ránsskapur að eflingshjónin ræni nauðamanninn parti af landi hans.

Í tilskipun konungs 27. maí 1848 eru margar ábendingar um að matsmönnum beri að undanskilja það sem ekki tilheyri skikkanlegum arði af búrekstri á landinu. Því er ráðlagt að færa ekki til bókar ástand húsa. Í næstu málsgrein eru öll fyrrgreind varnaðarorð að engu gerð: *Út er klikkt með meininguna, "...skal meta hana [jörðina] á það verð, sem hver seljandi og kaupandi mundi vera skaðlaus að".*

Hvernig er það nú hægt, nema með því að slá söluverði á allt góssið – dýrt á vildarbýlið og lágt á hina eignina, þar sem öll aðkoma er lotleg? Þannig er verklag fasteignasala. Hvað er þá orðið um **jöfnu eignina í sameigninni**, ef þessi skattafyrirmæli eru færð á **eignarrétt landskipta**? Það var svo sem ekki gert fyrr en öld síðar.

Skattabreytingarnar árið 1861 má sennilega flokka til þjóðþrifa og sama gildir sex áratugum síðar; árið 1922. Margar jarðir, sem fyrrum voru vildarjarðir höfðu orðið fyrir áföllum. Það var sanngjarnt að lagfæra skattlagningu á allri jarðeign.

Sýnilegt er á umræðum á Alþingi árið 1927, þegar ný landskiptalög voru sett, að þá hafa verið brögð að því að misvitrir og miságjarnir menn, hafa misnotað nýju skattmötin til að komast yfir eignir hrekklausra manna við landskipti. Prettán árum síðar afnemur þingið ágæt lög og setur, af vanþekkingu á eignarrétti og eðli fyrrgreindra skattbreytinga, ólögín sem enn gilda.



Hér eru birt fyrirmæli stjórnvalda til matsmanna jarða vegna skattmatanna 1861 og 1922. Hin ágætu fyrirmæli fyrirskipa í bæði skiptin að hverja jörð skal meta til söluverðs.

Eðli sölumata er að þau eru ALLTAF slump. Matsmenn fengu fyrirmæli sem komu í veg fyrir að þeir gætu metið jarðir á torfu í sama hlutfalli og eignarbréf fyrir jörðunum. Þeim var slíkt samráð ekki heimilt.

Í þau skipti sem hlutfall hélst óbreytt, var það vegna þess að vitrir menn og kjarkaðir brutu fyrirmælin.

Að sjálfsögðu getur eigandi jarðar skipt henni og selt til margra í hvaða hlutfalli, sem honum þóknast og þá einnig samkvæmt skattmötunum 1861 og 1922. Geri hann svo – á við landskipti á sameign að nota þau hlutföll.

Ólögmætt er, hins vegar, að skipta sameignarlandi torfu, sem búið var að selja til fleiri en eins fyrir árið 1861 í hlutfalli slumpsölumata skattsins 1861 og 1922. Sama á raunar einnig við um landskipti þótt salan hafi síðar verið gerð ef að afsöl um eignarhluti vísa til forna matsins.



32 sk. Skulu þeir ekki önnur laun hafa fyrir starfa sinn, nè annað endurgjald fyrir ferðakostnað. 1848. 27. Mai.

7. Allan kostnað, sem af fyrirtæki þessu leiðir, skal fyrst greiða úr jarðabókarsjóði Íslands. En síðar mun það ákveðið með konúnglegri tilskipun, hvernig endurgjaldinu skuli jafna á jarðir landsins.

Þessu skulu allir hlutadeigendur þegnlega hlýðnast. Gefið á sloti Voru Kristjánsborg 27. Mai 1848.

Rentekammer-Skrivelse til Amtmanden over Vester-Amtet, ang. Bygsselforholdene paa Arnarstappens Ombudsjorder. Khavn den 27. Mai 1848. — Islands Copieb. for 1848, Nr. 205.

Foranlediget af Rentekammerets Skrivelse af 28. Septbr. f. A., hvorved bleve forlangte meddelte Amtets Yttringer, betræffende, at flere Jorder under Arnestappens Ombud ikke, selv med betydelige Eftergivelse eller Nedsættelser i Afgifterne, have kunnet holdes i varig Bygsel, har Hr. Amtmanden i behagelig Skrivelse af 20. Januar d. A., næst at angive som Aarsagen hertil deels Fiskeriernes Aftagen og deels den trykkende Handel, hvortil endnu kommer, at Landbruget der i Egnen bestandig er blevet betragtet som en Bisag, tillige, som Middel til at forebygge denne tiltagende Vanskelighed med at erholde fæsteledige Gaarde bortbygslende, foreslaaet, at der i de Ombudet nærmest beliggende Egne, hvor der pleier at vise sig en betydelig Concurrence om hver fæsteledig Gaard, skulde offentlig bekjendtgjøres, naar nogen af de af Arnestappens Ombuds-Gaarde, som ere beliggende i de mere afsondrede Distrikter, blev fæsteledig, hvorved da, saafremt det lykkedes at faae dueilige Fæstere fra Oplandet til dem, tillige vilde opnaaes, at det aldeles forfaldne Landbrug igjen kunde opbjaelpes.

I Anledning heraf skulde vi ikke undlade tjenstl. at tilmelde Hr. Amtmanden, at Kammeret bifalder, at

8. De samme Grunde, som efter det Foranstaaende bevirke Taxatorernes Inhabilitet, gjelde ogsaa med Hensyn til Revisorerne. Naar da en Revisor af disse Grunde maa fratræde, eller naar han før har deeltaget i Taxationen af den Jord, hvormed der er Spørgsmaal, har Sysselemanen at bestemme, hvo af de andre Revisorer tilligemed ham skal udtræde, hvorefter de øvrige 3 have at afgive Decisionen. 1848. 1. Septbr.

9. Naar Revisionen er endt, har Sysselemanen uopholdeligt at tilstille vedkommende Amtmænd samtlige Protokoller, ledsagede af sine Bemærkninger saavel angaaende Taxationen og Revisionen i det Hele, som angaaende de enkelte Punkter, hvorover han maatte finde Anledning til at ytre sig. — Rentekammeret den 1. Septembr. 1848.

Rentekammerets Instrux for Taxationsmændene ved Matrikuleringen i Island. Khavn den 1. Septbr. 1848. 1. Septbr.

— Anføres som publiceret i Reykjavik og i Húnavatns Syssel 1849. — Islandske: Original-Aftryk hos Schultz, trykt paa et Halvark i Folio; Tíðindi frá alþingi Íslendinga 1849, Viðb. B., S. 54—56; Rubr. i Lantstíðindi 1850, S. 34. — Dansk: i Rentek. Relat. og Resol. Prot. 1848 C, Nr. 237*.

Reglugjörð fyrir þá menn, sem meta eiga jarðir á Íslandi, til þess að nýr dýrleiki verði á þær lagður.

1. Það er boðið í 3. grein tilskipunarinnar 27. Mai 1848, að virðingarmenn skuli meta hverja jörð til peningaverðs, að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum.

Þetta er svo að skilja, að meta skal hverja jörð eptir því, sem hún er í raun og veru með kostum og ókostum, en ekki eptir þeim atriðum, er einungis nú sem stendur mundu rýra verð hennar eða auka. — Fyrir því ber að gæta þess:

a) hvernig tón er og engjar og hagi, hvílik þar er útibeit og hverir landskostir, svo ekki sé einungis á

Fyrirmælin fyrir skattmötin 1861 og 1922,
sem hér eru sýnd voru lögð í hendur dómara
Hæstaréttar árið 2008.

Upplausn á myndunum á þessum flipa er
léleg. Tilskipun konungs er á eftirfarandi
krækju og lögin frá 1915 sjást í
Stjórnartíðindum.

*Lovsamling for Island; tilskipun konungs 27.
maí 1848: Krækja*

Lagfært þann 30.7. 2018.

Hdskj. 49

241

82

Nr. 22. 18. gr.
3. nóv. Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 16. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin
tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Arnórsson.

Nr. 23. 3. nóv. Lög
um

dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sijesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjöllum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.
Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur eða breytist eigi
að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbót
eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.
Peir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbót sem nú skal
greint:

1. Peir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30 % af launahæðinni.
2. Peir, er hafa í árslaun frá 500—1000 kr., 20 % af launahæðinni.
3. Peir, er hafa í árslaun 1000—1500 kr., 15 % af launahæðinni.
4. Peir, er hafa í árslaun 1500—2000 kr., skulu fá 10 % af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 10 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis-
eða sýslunarmaður á að framfæra.

3. gr.
Peir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbót
eftir þeim reglum, er hér segir:

1. Peir, er hafa árslaun undir 500 kr., 20 % af launahæðinni.
2. Peir, er hafa 500—1000 skulu fá 10 % af launahæðinni.
3. Peir, er hafa 1000—1500 kr., 5 % af launahæðinni.